

Er farsæld barna á Suðurnesjum á réttri leið?



EFNISYFIRLIT

01 Hvað er farsæld? Lögin og hugmyndafræðin

02 Farsældarráð Suðurnesja Hvað gerir farsældarráð?

03 Staða farsældar á Suðurnesjum Er farsæld að batna?

04 Fjárfestingartækifærin Hvar er best að fjárfesta?



HLUTI EITT

Hvað er farsæld?

Lögin og hugmyndafræðin

HVERNIG GETUM VIÐ NÁÐ BETRI ÁRANGRI?

Skipurit stofnana passa oft illa saman við lífsferil barns

Við höfum byggt upp góð kerfi. Þau eru hins vegar oftar en ekki skipulögð eftir því hver ber ábyrgð og hver greiðir, frekar en lífshlaupi þjónustuvegans.



hvert með eigin dyr, viðmið og þagnarskyldu




Eitt barn, mörg kerfi

VISTKERFI BARNINS

Lögin eiga að opna leið barnsins út til kerfanna

Farsældarlögin bæta ekki nýjum hring utan um kerfin. Þau liggja næst barninu og opna því leið út í hin kerfin.


- Nærumhverfi
Fjölskylda, skóli, vinir, frístund og íþróttir
- Farsældarlögin
Tengiliður, málstjóri og stuðningsteymi
- Sveitarfélagið
Skólaþjónusta, félagsþjónusta, barnavernd, heilsugæsla
- Ríki og eftirlit
Barna- og fjölskyldustofa og Gæða- og eftirlitsstofnun
- Lög, gildi og viðhorf
Löggjöf, fjármögnun og viðhorf samfélagsins



Ferlið í sex skrefum

Lögin tóku gildi 1. janúar 2022 og innleiðingu lýkur í árslok 2026. Þjónustan skiptist í þrjú stig.

■ Nærumhverfið ■ Foreldrar taka ákvörðun ■ Samþætt þjónusta




Farsæld er ekki nýtt þjónustulag. Hún lýsir mannganginum milli kerfanna og á að gera það að verkum að brugðist sé við þörfum barns fyrr. Þannig á meiri þjónusta að færast framar í þjónustukerfið.

ÞAÐ SEM FÆRRI VITA

Farsældarlögin eru líka fjárfestingarverkefni

Áföll í æsku geta spáð fyrir um vanda síðar

LÍKUR Á VANDA SÍÐAR · MIÐAÐ VIÐ EKKERT ÁFALL



Áhættuhegðun. Sama mynstur sést í geðrænum vanda, örorku og sjálfsvígstílaunum.


VERNDANDI ÞÆTTIR Í LÍFI BARNNA

Fjölskylda sem stendur með barninu, vinir, vellíðan í skóla og upplifun af að tilheyra. Börn sem höfðu upplifað þrjú áföll eða fleiri sýndu fjórðungi til þriðjungi minni vanda.

–26% til –35%

Þetta eru nákvæmlega verndandi þættirnir sem vísirinn mælir.


Lögin voru metin sem arðbær langtímafjárfesting



Ávinningurinn kæmi seint og hægt. Byggir á því að árgangarnir sem nutu betri þjónustu komi út á vinnumarkað.

Arðsemin er mest fyrstu árin, en glugginn helst opinn

HECKMAN-FERILLINN · ARÐSEMI EFTIR ALDRI BARNSINS ÞEGAR GRIPID ER INN Í



FYRSTI GLUGGINN · 0-12 ÁRA

Fyrirbyggja að vandi barns dýpki

Hver króna í stuðning á leikskóla- og yngsta stigi skilar sér 9 til 13 sinnum til baka. Tengiliður, skimun, foreldrafærni, félagsfærni og frístundir.

49% þeirra sem enduðu á örorku sögðust hafa fengið lítinn eða engan stuðning í skóla. Á Suðurnesjum segja um 50% barna að þau eigi engan fullorðinn í skólanum sem þau treysti sér að leita til.

SEINNI GLUGGINN · 15-25 ÁRA

Enn hægt að grípa inn í feril barns

Áföll, geðrænn vandi eða námslegar áskoranir koma oft fyrst fram á þessum aldri og sum ungmenni eru þegar komin í endurhæfingu. Hér er enn hægt að hafa áhrif.

Á Suðurnesjum eru 283 einstaklingar 18-29 ára á endurhæfingar- eða örorkulífeyri. Helmingur þeirra sem fara á endurhæfingarlífeyri endar á örorku og uppsafnaður kostnaður við slíkan feril er um 200 m.kr.

HLUTI TVÖ


Farsældarráð Suðurnesja

Hvernig fjögur sveitarfélög, ríkisstofnanir
og framlínan vinna saman að
einu markmiði.



Lögin leggja skyldur á alla þjónustuveitendur

HVERJIR SITJA Í RÁÐINU



Á HVADA LÖGUM BYGGIR

- + Lög nr. 86/2021 · farsæld barna
- + Barnasáttmálinn · nr. 19/2013
- + Barnaverndarlög nr. 80/2002
- + Félagsþjónusta sveitarfélaga · nr. 40/1991
- + Grunnskólalög · nr. 91/2008
- + Sveitarstjórnarlög · nr. 138/2011
- + 5. gr. laga nr. 86/2021 · skylda til að reka farsældarráð í landshluta
- + Erindisbréf ráðsins · byggir á 86/2021

SKYLDUR ALLRA ÞJÓNUSTUVEITENDA

- + Fylgjast með farsæld barns og bregðast við
- + Bjóða og veita samþætta þjónustu
- + Tilnefna tengilið og málstjóra þegar við á
- + Miðla upplýsingum og vinna saman
- + Einfaldari þjónustuleið fyrir barnið
- + Svæðisbundin þjónusta: HSS, lögregla, sýslumaður, FS

Hugmyndafræðilegur grunnur

Flókin samfélagsverkefni verða ekki leyst með einangruðum aðgerðum innan hvers sveitarfélags eða stofnunar.

MISSION-BASED INNOVATION

Samfélagslegt markmið

Skýrt og mælanlegt samfélagslegt markmið sem margir ólíkir aðilar sameinast um; nógu metnaðarfullt til að krefjast samstarfs, nógu afmarkað til að mæla árangur (Mazzucato, 2021).

- Markmið og leiðangrar í stað áætlana
- Samhæfing í stað samkeppni
- Eftirfylgni og lærdómur

COLLECTIVE IMPACT

Fimm skilyrði samþættingar

Farsældarráð gegnir hlutverki samhæfingaraðila sem tengir ólíka geira og tryggir að aðgerðir styðji hver aðra (Kania og Kramer, 2011).

Sameiginleg sýn

Sameiginlegur mælikvarði

Samhæfðar aðgerðir

Stöðug samskipti

Samhæfingaraðili

MARKMIÐ FARSÆLDARRÁÐS SUÐURNESJA

Árið 2030 mælist farsæld barna á Suðurnesjum sú besta á Íslandi

Nógu metnaðarfullt til að krefjast samstarfs allra, nógu afmarkað til að mæla hvort það náist.

GREININGIN AÐ BAKI

Þegar barn elst upp á Suðurnesjum

Samantekt fjögurra greininga. Skýrslan er undanfari aðgerðaáætlunarinnar: hún dregur upp myndina sem áætlunin á að svara.

- 1 Farsældarþingið
- 2 Þjónustukortlagning
- 3 Íslenska æskulýðsrannsóknin
- 4 Samfélagsgreining

KORTLAGNING ÞJÓNUSTU OG FARSÆLDAR BARNA

Þegar barn elst upp á Suðurnesjum

Greining á stöðu barna,
þjónustukerfum og fjárfestingu í
farsæld á Suðurnesjum.

LEIÐANGRARNIR

Fimm leiðangrar varða leiðina að markmiðinu

Leiðangur segir hvert við ætlum, ekki hver gerir hvað.

LEIÐANGUR 01

Ratsjain

Mælingar og yfirsýn:
grunngildi og
árangursmælikvarðar.

LEIÐANGUR 02

Óslitin keðja

Umboð tengiliða,
formleg skil við umskipti
og upplýsingaflæði.

LEIÐANGUR 03

Velliðan

Snemmtæk íhlutun
með viðbragðstíma
og úrræði.

LEIÐANGUR 04

Öll saman

Fjöltyngi, efnahagsleg
staða, tómstundir og
rödd barnsins.

LEIÐANGUR 05

Traustur grunnur


Fjármögnun og
málsvörn gagnvart
stjórnvöldum.



HLUTI ÞRJÚ

Er farsæld barna á Suðurnesjum á réttri leið?


Já, staðan batnar og árið 2026 hraðar en á landinu



MÆLINGAR SEM BÖTNUÐU 2023 TIL 2026 69/95	FARSÆLDARVÍSIR SÚÐURNESJA 77,7 Upp um 1,6 stig frá 2023, af 100 mögulegum.	SÓTT Á LANDIÐ 2025 TIL 2026 52/95 Fyrsta árið þar sem meirihluti mælinga sækir á landið.	TIL AÐ NÁ LANDSMEÐALTALI 2030 +1,65 Stig á ári.
---	--	--	---

Íslenska æskulýðsrannsóknin 2023 til 2026: 95 samanburðarhæfar mælingar mynda vísinn, óvegið meðaltal á kvarða 0 til 100, þar sem áhættuþættir eru speglaðir.

Til að ná landsmeðaltali árið 2030 þarf vísirinn að hækka um 1,65 stig á ári



69 af 95 mælingum bötnuðu 2023 til 2026 og hækkunin nær til nánast allra árganga

STAFRÆNT ÖRYGGI

38% → 22%

Beiðnir um nektarmyndir lækkuðu um sextán prósentustig. Mesta breyting allra sviða.

ÁHÆTTUHEGÐUN

14% → 9%

Rafrettunotkun lækkaði um þriðjung og áfengisneysla í öllum árgöngum.

HEIMILISOFBELDI

16,6% → 12,2%

Lækkar öll fjögur árin. Vitni að ofbeldi úr 11,1% í 6,8%.


ANDLEG LÍÐAN

–5,2 pp

Kvíði úr 34,7% í 29,5%.
Ánægja með lífið úr 52,7% í 58,3%.

Mælingar á áhættuhegðun, forvörnum, ofbeldi og andlegri líðan sýna að markviss samvinna skilar mælanlegum árangri. Verkefnið framundan er að sækja enn fastar fram, nýta þau úrræði sem virka vel, fjárfesta með strategískum hætti í snemmtækri íhlutun og ná betur utan um viðkvæma hópa.

Við erum að ná árangri!




Talan á eftir sviðsheiti er fjöldi mælinga. Stjarna merkir tölfræðilega marktækan mun miðað við 95% öryggismörk.

Eldri árgangarnir sækja fram

BÖTNUÐU MEST		6. TIL 10. BEKKUR	
Beðin um nektarmyndir	38% → 22%		+15,4
Fengið óumbeðin klámfengin skilaboð	42% → 30%		+12,3
Haft samfarir	24% → 14%		+10,3
Skrópað í tíma	32% → 22%		+9,5
Liðið illa án samfélagsmiðla	30% → 23%		+6,4
Nemendur skipuleggja skólaviðburði	53% → 59%		+5,7
VERSNUÐU MEST		6. TIL 10. BEKKUR	
Örugg(ur) heima	95% → 92%		-2,6
Fundist gera gagn	45% → 43%		-2,6
Stundar íþróttir · 6.-10. b.	67% → 64%		-2,2
Tekið mark á hugmyndum nemenda	57% → 55%		-2,1
Lagt aðra í einelti	15% → 17%		-1,8
Yndislestur vikulega	45% → 43%		-1,6
BÖTNUÐU MEST		4. OG 5. BEKKUR	
Mikil miðlanotkun	73% → 62%		+10,7
Getur talað við foreldra	79% → 83%		+3,9
Samvera með foreldrum	84% → 87%		+2,7
Hjálp með heimanám	84% → 86%		+1,8
Listnám	25% → 27%		+1,3
Neteinelti	11% → 10%		+1,2
VERSNUÐU MEST		4. OG 5. BEKKUR	
Einelti	22% → 33%		-10,3
Gaman að lesa í skólanum	63% → 53%		-9,6
Þreytt(ur) í skólanum	24% → 30%		-6,1
Hreyfði sig mikið	78% → 72%		-6,0
Truflandi hávaði í kennslustofu	39% → 45%		-5,9
Gaman í skólanum	77% → 74%		-3,7

Breyting í prósentustigum 2023 til 2026, plús merkir alltaf betri stöðu. Meðaltal árganga innan hvers hóps.

Þáttökumunurinn hefur nær helmingast





MUNUR EFTIR SVIÐI 2026 LJÓS LÍNA 2023 · STYTTRI LÍNA, MINNI MUNUR



Mesti munur 2026: þekkja foreldra vina 57% á móti 81%, skrúpað heilan dag 28% á móti 10%, hjálp með heimanám 68% á móti 84%, kvöldmatur með foreldrum 68% á móti 82% og tilfinningalegur stuðningur heima 74% á móti 88%. Á nokkrum mælingum standa börn af erlendum uppruna betur, meðal annars lestur í frítíma og upplifun af vinnufriði í kennslustund.

Stærsti munurinn í gögnunum liggur innan Suðurnesja, ekki milli Suðurnesja og landsins



Atriði sem skipta máli við forgangsröðun og árangur sem mikilvægt er að varðveita

HAFA Í HUGA VIÐ FORGANGSRÖÐUN

01

Börn á tekjulægri heimilum

Mesti munurinn í gögnunum, hefur breikkað öll fjögur árin.

02

Skólinn og nám

Munur gagnvart landsmeðaltali hefur aukist mest á þessu sviði. Vinnufriður, lestur og stuðningur í kennslustofunni.

03

Yngstu börnin og einelti

Vísirinn hefur lækkað í þessum árgöngum frá 2023, á meðan aðrir árgangar hækka. Einelti er sú mæling sem hefur versnað mest.

04

Stafrænt öryggi og þátttaka

Notkun samfélagsmiðla og stafrænt öryggi mælast lægst allra sviða og þar jókst munurinn gagnvart landsmeðaltali síðasta árið.

ÁRANGUR SEM MIKILVÆGT ER AÐ VARÐVEITA

+3,1

Forvarnir gegn vímuefnum

Áhættuhegðun er sviðið þar sem við höfum náð landsmeðaltali, bil -0,7.

+6,2

Stafrænt öryggi

Mesta breyting allra sviða en netmælingarnar eru enn lægstar, 54,7 með bil -8,2.

+4,6

Viðbrögð við ofbeldi

Lækkar öll fjögur árin á öllum mælingum, staðan 90,0 með bil -1,1.


HLUTI FJÖGUR

Fjárfestingartækifærin á Suðurnesjum



SPURNINGIN

Hvar viljum við að börnin okkar séu eftir 10-15 ár?




Þegar lögin voru undirbúin var líka spurt hvort það borgaði sig þjóðhagslega að fjárfesta fyrr.

1 · HVENÆR ER ÓDÝRAST AÐ GRÍPA INN Í

Fjárfesting skilar mestu á fyrstu árunum og minnstu eftir tvítugt


ARÐSEMI Á HVERJA KRÓNU · EFTIR ALDRI BARNSINS ÞEGAR GRIPID ER INN Í



Byggt á rannsóknum James Heckman á arðsemi snemmtækrar íhlutunar (Heckman o.fl., 2010) og norrænum yfirlitsrannsóknum. Hlutfallstölurnar eru alþjóðleg viðmið, ekki mæling á Suðurnesjum.

Endurhæfingarlífeyrir 18-29 ára hefur 28-faldast frá aldamótum

FJÖLDI 18-29 ÁRA Á ENDURHÆFINGARLÍFEYRI · SUÐURNES




VÖXTUR 2000 → 2026

28× 13,7% á ári að meðaltali

TR-GREIÐSLUR Á ÁRI · SUÐURNES

Endurhæfing 18-29 ára  427 m.


Allar bætur 18-29 ára  968 m.

Allar bætur 18-66 ára eru 8,3 ma.kr. á ári til 2.310 einstaklinga.

Endapunktur mældir (TR janúar 2026), ferillinn felldur að 13,7% árlegum vexti.

Við vissum árið 2016 hver væru í mestri hættu

18-39 ÁRA Á ÖRORKU · % AF JAFNÖLDRUM · 2004 TIL 2015



×3 Einn hópur þrefaldaðist á ellefu árum. Hlutfall annarra stóð í stað.

80% fjölgunarinnar úr hópi sem var þekktur í barnæsku, um 6% barna.

14× vöxtur í ADHD og einhverfu sem fyrstu greiningu á örorkumati 2000 til 2024.

396 börn

á Suðurnesjum eru með umönnunarmat í dag. Hópurinn sem gögnin benda á er ekki ósýnilegur, hann er þegar á skrá hjá okkur.


um 66

þeirra eru 15 til 17 ára og verða 18 ára á næstu þremur árum

Félagsvísindastofnun HÍ fyrir velferðarráðuneytið, október 2016. Læknablaðið 2/2026. Umönnunarmat: TR, Suðurnes 2026 (6,2% barna á móti 5,6% landsmeðaltali). Fjöldi 15 til 17 ára er áætlaður út frá jafnri dreifingu á árganga, um 22 börn á árgang.

6 af hverjum 10 upplifðu sig ekki tilheyra í grunnskóla

GRUNNSKÓLAUPPLIFUN UNGRA ÖRYRKJA · N = 125, 71% EINHVERFIR



LYKILATRÍÐI

74%


segja að fjölskyldan hafi verið þeirra sterkasta stoð. Hópur sem sótti styrk til heimilis.

HVAÐ ÞETTA SEGIR OKKUR

Vandinn var líklega félagslegur og tengdur þjónustukerfunum: skólinn náði ekki að halda utan um þau.

Heimild: Félagsvísindastofnun HÍ 2016, töflur 117, 118 og 120, úrtak ungra öryrkja 18-39 ára.

Brottfall virtist tengt líðan



Heimild: Félagsvísindastofnun HÍ 2016, tafla 113 (ástæður brottfalls, n = 15) og tafla 145 (eineltisbati grunn- til framhaldsskóla).

Fimm þrep, börnum fækkar í hverju þrepi en kostnaður vex

ÞREP 1 · 0 TIL 17 ÁRA 6.379 Öll börn á Suðurnesjum Almenn þjónusta: skóli, heilsugæsla, frístund. Þar af fá 745 börn sértækan stuðning í grunnskóla, um 27% nemenda.	ÞREP 2 · UMÖNNUNARMAT 396 Skilgreind stuðningsþörf Börn með umönnunarmat, 6% af öllum börnum. Þar af 122 með SIS-mat, umfangsmesta stuðninginn.	ÞREP 3 · SAMÞÆTTING 232 Mál í vinnslu Tengiliður eða málstjóri, apríl 2026.	ÞREP 4 · 16 TIL 19 ÁRA 200 Stuðningsþörf í FS Umskiptin þar sem kerfið sleppir oftast takinu.	ÞREP 5 · 18 TIL 29 ÁRA 143 á örorkulífeyri 140 á endurhæfingarlífeyri
--	---	---	---	---

Þversnið úr mismunandi gagnasettum, ekki sömu einstaklingar raktir yfir tíma. Heimildir: TR, BOFS, Jöfnunarsjóður og menntasvið. Stuðningsþörf í grunnskóla: 745 börn með sértækan stuðning af 2.796 nemendum. Að auki eru 453 í ÍSAT-kennslu en hóparnir skarast, svo 745 eru neðri mörk. Hjá 18 til 66 ára eru 2.310 á TR-bótum á Suðurnesjum.

Hvert barn sem ekki endar á örorku sparar 57 m.kr. að núvirði

HVAÐ LIGGUR UNDIR Á HVERJUM ÁRGANGI		BÖRN Á ÁRI	ÁBATI Á ÁRI	NÚVIRT	UPPSAFNAÐ
01	Árgangur á Suðurnesjum 6.379 börn 0 til 17 ára í 18 árgöngum.	355			
02	Frávik frá farsæld 7,78% skv. ráðuneytislíkani; staðbundin talning gefur 8,1%.	27,6			
03	Börn með umönnunarmat 396 börn, 6,2% á móti 5,6% landsmeðaltali, eða 22 á árgang.	22			
04	Verðmiði hvers fráviks Núvirði fulls opinbers kostnaðar, um 210 m.kr. uppsafnað yfir starfsævina.	56,8 m.kr.			
1	0,3% af árgangi			57	210
2	0,6% af árgangi			114	420
3,7	1,0% af árgangi			210	777
5	1,4% af árgangi			284	1.050
Til viðmiðunar: starfsendurhæfing VIRK skilar 4,14 krónum á hverja krónu árið 2025 en skilaði 6,26 árið 2015. Sama útkoma verður dýrari eftir því sem hún er keypt seinna.					

Fjárhæðir í m.kr. Núvirt með 3,5% raunávöxtunarkröfu til sex ára aldurs; uppsafnað er summa greiðslna yfir starfsævina án afvöxtunar. Til samanburðar víkja 27,6 börn af hverjum árgangi frá farsæld, eða 7,8%, svo 3,7 börn eru 13% þeirra.

FARSÆLDARRÁÐ
SUÐURNESJA

Fyrir hverjar 100 kr. sem þörf er fyrir fá Suðurnes 72 til 79 kr.

LANDSHLUTI

100 KR. = ÞÖRFIN

KR. Á MÓTI 100

Suðurnes



72-79

Suðurland



131

Norðausturland



192

1,48-1,63×

Þjónustupörf miðað við landsmeðaltal

Framlög á hvert barn eru á sama tíma 1,17 sinnum landsmeðaltal.

12%

Framlaga sem byggja á þörf

Stærsti potturinn byggir á skólastærð og landfræði, ekki á samsetningu nemendahópsins.

51%

Skattstofns í fræðslumál

Hæsta hlutfall samanburðarsveitarfélaga en samt lægsta heildarfjármögnun á íbúa. Bilið birtist í félagsþjónustunni.

Framlög Jöfnunarsjóðs á hvert barn deilt með lýðfræðilegri þarfavísitölu svæðisins. Leiðrétt fyrir stærðarhagkvæmni eru Suðurnes með 80 til 88 kr. Heimildir: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, 1. áætlun 2026, Hagstofa Íslands og ársreikningar sveitarfélaga.

Farsældarframlag Jöfnunarsjóðs jafngildir sex til sjö stöðugildum og fellur niður um áramótin

104

Farsældarframlag til Suðurnesja, m.kr. 2026

10,0% af 1.044,2 m.kr. potti landsins, með 7,6% barna.

6-7

Stöðugildi sem upphæðin jafngildir

Á öllu svæðinu, fjórum sveitarfélögum og öllum þjónustuveitendum. Stöðugildi félagsráðgjafa kostar um 14 m.kr. á ári.

0

Framlagið fellur út um áramótin

Ný fjárlög fella farsældarframlag Jöfnunarsjóðs út frá og með 2027.

Heimild: áætlanir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2025 og 2026, farsældarframlög skv. 27. gr. laga nr. 86/2021 og fjárlagafrumvarp fyrir 2027.

Staðan batnar og 2026 batnaði hún meira en á landinu

Markmiðið um 2030 krefst þess að það ár verði reglan, ekki undantekningin. Til þess þarf skýra forgangsröðun, fjárfestingu og samstilltar aðgerðir þvert á sveitarfélög og stofnanir á Suðurnesjum.